
FRÉTTATILKYNNING

28. apríl 2010

Marel kynnir afkomu fyrsta ársfjórðungs 2010

Árið byrjar vel hjá Marel við batnandi markaðsaðstæður

- Tekjur á fyrsta ársfjórðungi 2010 námu 147,2 milljónum evra.¹ Tekjur af kjarnastarfsemi voru 128,9 milljónir, sem er 24,9% aukning miðað við sama tímabil árið áður. [Q1 2009: 103,2 milljónir evra].
- EBITDA var 22,6 milljónir evra, sem er 15.3% af veltu [Q1 2009: 0,8 milljónir evra]. EBITDA af kjarnastarfsemi var 20,9 milljónir evra, sem er 16.2% af veltu [Q1 2009: 3,9 milljónir evra].
- Rekstrarhagnaður (EBIT) var 15,9 milljónir, sem er 10,8% af veltu [Q1 2009: 5,8 milljón evra tap]. EBIT af kjarnastarfsemi var 15,1 milljónir evra, eða 11,7% af veltu [Q1 2009: 1,7 milljón evra tap].
- Hagnaður eftir skatta var 5,6 milljónir evra á fyrsta ársfjórðungi 2010 [Q1 2009: 7,0 milljón evra tap].
- Sjóðstreymi er sterkt og nettó vaxtaberandi skuldir eru 286 milljónir evra í lok fyrsta ársfjórðungs 2010 [Q1 2009: 373 milljónir evra].
- Pantanabók hefur styrkst í takt við batnandi markaðsaðstæður og er 113,5 milljónir evra í lok fjórðungsins [Q1 2009: 58,8 milljónir evra].

Ársfjórðungurinn var góður hjá Marel. Tekjur af kjarnastarfsemi námu 129 milljónum evra, sem er 15% aukning samanborið við ársfjórðunginn á undan og 25% aukning miðað við sama tímabil fyrir ári. Fyrirtækið náði langtíma EBIT markmiði sínu sem er 10-12% af veltu. Þessum árangri er að þakka batnandi markaðsaðstæðum, sterkri stöðu Marel á markaðnum, lægri kostnaðargrunni fyrirtækisins og þeim ávinningi sem samþættingarferli fyrirtækisins er farið að skila.

Theo Hoen, forstjóri:

„Við erum mjög ánægð með afkomu fyrsta ársfjórðungs. Árið byrjaði vel hjá Marel. Markaðsaðstæður eru að batna og tekjur hafa enn á ný aukist í samanburði við ársfjórðunginn á undan. Pantanabókin hefur styrkst og var fjöldi nýrra pantana hærrí en fjöldi afgreiddra pantana fimmta ársfjórðunginn í röð. Við skilum nú meiri hagnaði og sterkara sjóðstreymi þökk sé þeim aðgerðum sem við höfum gripið til til að hagræða og skerpa á rekstri félagsins.“

Samþætting Marel og Stork er farin að skila sér. Samþætting dreifikerfanna gengur samkvæmt áætlun og við erum komin með stöðugt framboð nýrra samþættaðra vara sem eru viðskiptavinum okkar mjög til hagsbóta og til þess fallin að styrkja markaðsstöðu fyrirtækisins. Í ljósi þess árangurs sem við höfum þegar náð horfi ég björtum augum til framtíðarinnar, ekki bara út þetta ár heldur einnig til lengri tíma litið.“

¹ Tölur frá Carnitech A/S eru taldar með í afkomutölum fyrsta ársfjórðungs fram til 1. febrúar 2010 og frá Food & Dairy Systems fram til 31. mars 2010.

Viðunandi pantanabók

Markaðsvirkni er góð og hefur aukist á öllum sviðum, sérstaklega í kjúklingi og fiski, og fer batnandi í kjöti og frekari vinnslu.

Pantanabók hefur vaxið og er nú viðunandi. Þó fjöldi stærri pantana sé enn ekki á við það sem hann var fyrir alþjóðlegu fjármálakreppuna eru slíkar pantanir þó farnar að berast jafnt og þétt, sem er til merkis um bata á mörkuðum. Nýjar pantanir námu 135 milljónum evra á fyrsta ársfjórðungi 2010 samanborið við 95,5 milljónir evra á sama tíma fyrir ári, og eru tekjur af þjónustu taldar með. Þetta er fimmti ársfjórðungurinn í röð sem fjöldi nýrra pantana var hærri en fjöldi afgreiddra pantana. Fyrir vikið hefur tækjapantanabókin styrkst jafnt og þétt og var hún 113,5 milljónir evra í lok fyrsta ársfjórðungs 2010 samanborið við 59 milljónir evra á sama tíma fyrir ári.

Sterkt sjóðstreymi og lægri skuldir

Sjóðstreymi er áfram sterkt og nemur 38,8 milljónum evra fyrir vexti og skatta. Fjármagnskostnaður hefur lækkað og dregið hefur enn frekar úr gengisáhættu eftir samkomulag við íslensku bankana þann 4. febrúar síðastliðinn um að breyta myntsamsetningu sambankaláns sem bankarnir veittu félaginu í maí 2009.

Efnahagsreikningurinn er sterkur og hafa nettó skuldir lækkað enn frekar í 286 milljónir evra samanborið við 373 milljónir evra fyrir ári síðan.

Eftir að lokið var við sölu á Food & Dairy Systems og Carnitech A/S, eininga utan kjarnastarfsemi félagsins, getur Marel nú einbeitt sér að fullu að því að styrkja enn frekar stöðu sína sem markaðsleiðtogi í þróun og markaðssetningu á tækjabúnaði og þjónustu við fisk-, kjöt- og kjúklingaframleiðendur, sem og í auknum mæli á sviði frekari vinnslu.

Afkoma fyrsta ársfjórðungs 2010

Rekstur kjarnastarfsemi fyrsta ársfjórðungs – helstu tölur í þúsundum evra

Rekstrarreikningur	Q1	Q1	Full year
Kjarnastarfsemi (2009 leiðrétt fyrir einskiptiskostnað)	2010	2009	2009
Tekjur	128.875	103.174	434.796
Framlegð	51.040	34.099	166.160
<i>Framlegð sem hlutfall af sölu</i>	<i>39,6%</i>	<i>33,0%</i>	<i>38,2%</i>
Rekstrarhagnaður (EBIT)	15.119	(1.719)	24.760
<i>EBIT sem hlutfall af sölu</i>	<i>11,7%</i>	<i>-1,7%</i>	<i>5,7%</i>
EBITDA	20.870	3.891	47.432
<i>EBITDA sem hlutfall af sölu</i>	<i>16,2%</i>	<i>3,8%</i>	<i>10,9%</i>
Nýjar pantanir	1) 135.028	95.452	
Pantanabók	113.517	58.829	

1) Þjónustutekjur meðtaldar.

Á samstæðugrunni

	Q1 2010	Q1 2009	Full year 2009
Sjóðstreymi frá rekstri fyrir vexti og skatt	38.845	23.635	75.395
Handbært fé frá rekstri	31.051	11.413	25.526
Fjárfestingar	(1.951)	(6.228)	10.758
Fjármögnun	(18.775)	6.517	10.168
Nettó sjóðstreymi	10.326	11.702	46.452

Efnahagur

Nettó skuldir	286.336	373.432	295.012
Veltufé	2) 83.488	127.484	97.189

2) Skuldunautar, birgðir, verk í vinnslu og lánadrottmar.

Kennitölur

Veltufjárhlutfall	1,6	0,9	1,6
Lausafjárhlutfall	1,5	0,6	1,4
Eiginfjárhlutfall	37,6%	30,2%	36,7%
Fjöldi útistandandi hluta	727.136	577.814	727.136
Hagnaður per hlut í evru sentum	0,76	1,91	-1,20
Markaðsvirði hlutafjár í milljónum evra m.v. gengi í lok tímabils	346,9	159,5	263,5

Helstu atburðir á tímabilinu

Samþætting

Á síðasta ári var mikil áhersla lögð á samþættingu Marel og Stork Food Systems í „eitt fyrirtæki“. Nýtt skipulag var innleitt og var nýjum iðnaðarsetrum komið á fót í þeim fjórum greinum iðnaðarsins sem Marel sérhæfir sig í – þ.e. vinnslu á fiski, kjöti og kjúklingi, og frekari vinnslu.

Í kjölfarið var á fyrsta ársfjórðungi 2010 ráðist í innleiðingu á nýjum vörumerkjum fyrirtækisins. Aðalfundur félagsins, sem haldinn var 3. mars 2010, samþykkti formlega breytingu á nafni fyrirtækisins úr Marel Food Systems í Marel. Þar að auki hafa iðnaðarsetrin fjögur tekið upp ný vörumerki með það fyrir augum að notfæra sér styrkleika tiltekinna vörumerkja í tilteknum greinum matvælaíðnaðarins. Þannig starfar kjúklingaiðnaðarsetrið nú undir nafninu Stork Poultry Processing og frekari vinnsla undir nafninu Townsend Further Processing. Fisk- og kjötiðnaðarsetrin notast eingöngu við Marel nafnið.

Sameiningarferlið mun áfram vera forgangsmál á árinu 2010 og verður haldið áfram að kynna nýjar samþættar vörur á öllum helstu sýningum ársins.

Kostnaðaraðhald

Marel leggur áfram mikla áherslu á kostnaðaraðhald og hagræðingu. Í heild lækkaði rekstrarkostnaður á árinu 2009 um 25 milljónir evra á ársgrundvelli. Er nú verið að tryggja það að þessi lækkun á kostnaðargrunni félagsins verði varanlegur.

Sjóðstreymi

Sjóðstreymi var jákvætt um 38,8 milljónir evra á fyrsta ársfjórðungi, fyrir vexti og skatta. Á heildina litið verður lítil fjárfestingarþörf hjá fyrirtækinu á næstu árum.

Aðgerðir til að draga úr veltufé héldu áfram að skila árangri í minnkun birgða en markmiðið er að takmarka fjölgun skuldunauta þó tekjur aukist. Þar sem fjárfestingar hafa verið í lágmarki hefur staða afskrifta og fjárfestinga haft jákvæð áhrif á sjóðstreymi.

Fjármögnun

Í febrúar 2010 komst Marel að samkomulagi við Arion banka, Íslandsbanka og NBI um breytingu á myntsamsetningu sambankaláns sem bankarnir veittu félaginu í maí 2009. Samkomulagið fól í sér að þeim hluta lánsins sem var í íslenskrí krónu var breytt í evru sem er megintekjumynt félagsins. Fjárhæðin sem um ræðir nam 66 milljónum evra. Er fjármögnun Marel nú að mestu í tekjumyntum félagsins, í samræmi við stefnu félagsins um að draga úr gengisáhættu og lækka fjármagnskostnað

Núverandi lausafjárstaða er góð og nemur 83 milljónum evra. Fyrirtækið er vel í stakk búið til að takast á við það markaðsumhverfi sem nú ríkir.

Sala eigna utan kjarnastarfsemi

Í febrúar 2010 lauk Marel við sölu tveggja eininga utan kjarnastarfsemi, Food & Dairy Systems og Carnitech A/S. Sölnar eru mikilvægur liður í áætlun Marel um að leggja áherslu á aukna arðsemi og innri vöxt í kjarnastarfsemi, en hún snýr að vinnslu á fiski, kjöti og kjúklingi, auk frekari vinnslu. Tölur frá einingunum sem seldar hafa verið eru taldar með í samstæðuuppgjöri ársfjórðungsins; í tilfalli Carnitech er um einn mánuð að ræða en þrjú mánuði í tilfalli Food & Dairy Systems.

Food & Dairy Systems deild Stork Food Systems, að undanskilinni starfsemi hennar á Spáni, var seld hollenska fjárfestingafélaginu Nimbus. Tekið var tillit til niðurfærslu á bókfærðu verði eignanna vegna afskrifta viðskiptavildar og endurmati eigna í reikningum ársins 2009. Áhrifin á afkomu fyrsta ársfjórðungs 2010 eru óveruleg.

Rekstur Carnitech A/S í Stövring, Danmörku, var seldur iðnaðarsamsteypunni American Industrial Acquisition Corporation (AIAC). Undanskilin frá samningnum er fyrrum starfsemi Carnitech í laxaiðnaði og á sviði frystibúnaðar, sem og starfsemi Carnitech í Bandaríkjunum, sem er nú rekin undir merkjum og yfirstjórn Marel. Þá eru fasteignir félagsins í Stövring einnig undanskildar. Samningsaðilar hafa gert langtíma leigusamning vegna húsnæðisins en kaupandinn er með forkaupsrétt að því. Tekið var tillit til bókfærðs taps á sölunni, aðallega vegna afskrifta viðskiptavildar og endurmetinna eigna, í ársreikningum ársins 2009. Áhrifin á afkomu fyrsta ársfjórðungs 2010 eru óveruleg.

Rekstrarumhverfi

Kjarnastarfsemi Marel beinist að fjórum undirgreinum matvælaíðnaðarins: vinnslu á fiski, kjöti og kjúklingi, og frekari vinnslu.

Fiskur: Verð á laxi er enn hátt og sala til laxaframleiðenda fór fram úr væntingum á fyrsta ársfjórðungi, einkum í Evrópu og Bandaríkjunum þar sem framleiðendur færa sér í nyt hrun laxaiðnaðarins í Chile. Almennt er laxaiðnaðurinn arðbær og horfur fyrir annan ársfjórðung eru góðar. Sala til hvítfiskverkenda hefur tekið lengri tíma að rétta úr sér, sérstaklega þegar litið er til stærri verkefna. Engu að síður er áfram mikill vöxtur í fiskeldi, sérstaklega í ódýrari eldisfisktegundum eins og pangasius og tilapia. Nokkrar nýjar vörur verða kynntar á Seafood Processing Europe sýningunni í Brussel sem fram fer í síðustu viku aprílmánaðar, þar á meðal hinn byltingarkenndi „Ofurkælir“ sem kælir fisk niður fyrir frostmark án þess þó að frysta hann.

Kjöt: Eftir að hafa gengið í gegnum erfitt tímabil undanfarin ár eru góð batamerki á kjötiðnaðinum. Neytendur halda áfram að sækjast eftir ódýrari próteinum – þ.á.m. svínakjöti, nautahakki og pylsum – og skapar það tækifæri fyrir Marel. Þróunin í átt að aukinni sjálfvirkni heldur áfram eins og fjöldi pantana á heildstæðum kerfum ber með sér. Mest virkni var á Evrópumarkaði á tímabilinu en reiknað er með að Norður-Ameríka og Ástralasía taki betur við sér á öðrum ársfjórðungi. Áherslan í markaðssetningu beinist nú að stærstu kjötsýningu

heims, IFFA, sem haldin verður í Frankfurt fyrri hluta maímánaðar en þar mun Marel kynna nokkur ný samþætt kerfi. Þar á meðal er ný StreamLine snyrtilína með samþættum Townsend húðflettivélum.

Kjúklingur: Árið byrjaði vel hvað sölu til kjúklingiðnaðar varðar. Gengið var frá stórum verkefnum í Austur-Evrópu, Tyrklandi og Suður-Ameríka, auk tímamótasölu í Kína sem þakka má þeirri fjárfestingu sem Marel hefur lagt í sölu- og þjónustustarfseminu þar. Öll framantalin verkefni eru stefnumarkandi í eðli sínu og setja ný viðmið fyrir iðnaðinn á viðkomandi svæðum. Bandaríkjamarkaður var einnig virkur á tímabilinu. Meðal þeirra nýju vara sem kynntar voru á síðasta ársfjórðungi má nefna nýja samþætta flökunarlausn þar sem saman fara FHF-XB úrbeiningarkerfi og SensorX beinleitarkerfi. Horfur fyrir annan ársfjórðung eru hagstæðar og er búist við að sala verði áfram góð.

Frekari vinnsla: Fjárfestingaumhverfið í þeim geira iðnaðarins sem snýr að frekari vinnslu glæðist með hverjum mánuðinum sem líður, þökk sé áframhaldandi vexti í tilbúnum réttum og skyndibitaæði. Sala var samkvæmt áætlun á fyrsta ársfjórðungi og voru stærstu verkefni í Bandaríkjunum, Evrópu og Asíu. Townsend Further Processing iðnaðarsetrið tók þátt í nokkrum velheppnuðum sýningum á tímabilinu, þ.á.m. Gulfood, CFIA og Foodex, og undirbýr sig nú fyrir IFFA sýninguna í Frankfurt í maí þar sem nokkrar nýjar vörur verða kynntar.

Horfur

Markaðsaðstæður fara jafnt og þétt batnandi. Við reiknum með að Marel muni fá til sín sinn hlut að þeim vexti sem framundan er í greininni, og munu tekjur aukast í samræmi við það. Engu að síður má gera ráð fyrir að afkoman verði breytileg milli ársfjórðunga vegna sveiflna í fjölda pantana og tímasetningu stærri verkefna.

Kynningarfundur 29. apríl 2010

Marel boðar til kynningarfundar um afkomu félagsins fimmtudaginn 29. apríl kl. 8:30 í húsnæði félagsins að Austurhrauni 9, Garðabær. Fundinum verður netvarpað: www.marel.com/webcast

Birtingardagar fyrir reikningsárið 2010 og aðalfundur 2011

Birtingardagar fyrir reikningsárið 2010:

- | | |
|-------------------------|------------------|
| ▪ 2. ársfjórðungur 2010 | 28. júlí 2010 |
| ▪ 3. ársfjórðungur 2010 | 27. október 2010 |
| ▪ 4. ársfjórðungur 2010 | 2. febrúar 2011 |

Aðalfundur Marel hf.

2. mars 2011

Frekari upplýsingar veita:

Erik Kaman, fjármálastjóri. Sími: 563-8072

Sigsteinn Grétarsson, forstjóri Marel ehf. Sími: 563-8072

Um Marel

Marel er í hópi stærstu útflutningsfyrirtækja Íslands og er í fararbroddi á heimsvísu í þróun og framleiðslu á háþróuðum búnaði og kerfum til vinnslu á fiski, kjöti og kjúklingi. Há fyrirtækinu starfa um 3.500 manns um allan heim og starfrækir það skrifstofur og dótturfyrirtæki í meira en 30 löndum, auk 100 umboðsmanna og dreifingaraðila.